

Lykiltölur um menningu og skapandi greinar

Fyrsta útgáfa 2024

Listir og sköpun eru auðlindir sem lúta eigin lögmálum. Menning er það sem þær gefa af sér til samfélagsins. Menning og skapandi greinar er samheiti yfir listir, sköpun, hugverk og menningu, og það atvinnu- og viðskiptalíf sem af þeim skapast.

Skilgreiningin var fyrst sett fram af Höllu Helgadóttur, 2020



Tvær skilgreiningar eru algengastar á alþjóðlegum vettvangi rannsókna og hagskýrslugerðar um menningu og skapandi greinar; skilgreiningar Eurostat og NESTA. Meginmunur þeirra felst í hvernig listnám og hugbúnaðargerð eru flokkuð með. Hagstofa Íslands styðst við skilgreiningu Eurostat, sem flokkar listnám með en ekki hugbúnaðargerð (aðra en þá sem tengist tölvuleikjum).

Atvinnulíf

Fólk

Í umfjöllun um starfandi í menningu og skapandi greinum er yfirleitt gengið út frá þríkvíslaðri nálgun (e. creative trident, sjá vennmynd). Stundum er vísað til mengisins í heild sinni og stundum hluta þess.

Fjöldi starfandi í menningu og skapandi greinum árið 2022

15.300

7,3% af starfandi alls

10.900
í skapandi greinum

Önnur störf í skapandi greinum
4.400

Störf í skapandi greinum
6.500

Skapandi störf í öðrum greinum
4.500

11.000
í skapandi störfum

Starfandi eftir ráðningar-sambandi

Launamenn **61%**
Sjálfstætt starfandi **27%**
Bæði **12%**

Starfandi eftir kyni

50%
Karlar


50%
Konur

Fjöldi starfandi í skapandi greinum samkvæmt skráar-gögnum árið 2022

6.600
einstaklingar

Launasumma í skapandi greinum árið 2022

45 milljarðar



Starfandi í skapandi greinum, eftir menningargreinum. Byggir á staðgreiðslugögnum sem ná ekki nema að hluta utan um sjálfstætt starfandi. Vegna þessa er líklegt að myndin skekkist innan tiltekinna greina, þar sem meira er um einyrkjastarfsemi.

Fjöldi starfandi eftir landshluta



Fjöldi starfandi á opinberum og almennum markaði



Starfsumhverfi í skapandi greinum

Starfsánægja?
Starfshlutfall?
Starfsöryggi?



Samfélag

Aðsókn

Vorið 2023 gerði Hagstofa Íslands úrtaksrannsókn á menningar- og miðlaneyslu landsmanna. Í rannsókninni var spurt út í aðsókn að viðburðum, neyslu menningar og miðla og áhugamennsku (s.s. kórastarf og áhugaleikfélög). Niðurstöður eru væntanlegar.



Hlutfall sem sækir menningarviðburði



Hlutfall sem neytir menningar á annan hátt



Áhugamennska í menningu og skapandi greinum

Atvinnulíf

Rekstraraðilar

Rekstraraðilar í menningu og skapandi greinum starfa í skapandi atvinnugreinum. Hjá Skattinum og í tölum Hagstofunnar eru rekstraraðilar flokkaðir eftir aðalatvinnugrein, sem samkvæmt handbók er sú starfsemi sem skilar mestu vinnsluvirði. Rekstraraðilar sem hafa aukastarfsemi í skapandi atvinnugreinum eru ekki meðtaldir.

Fjöldi rekstraraðila, í menningu og skapandi greinum árið 2021

Rekstraraðilar alls

5.261

6,8% af heildarfjölda

Með a.m.k. 3 m.kr. í rekstrartekjur

2.721

3,5% af heildarfjölda alls

Útflutnings-
verðmæti

Menningarþjónusta, alls 2022

20,7 milljarðar kr.

2,7% af þjónustu útflutningi alls

Menningarvörur, alls árið 2023


504 milljónir kr.

0,1% af vöruútflutningi alls

Rekstrartekjur, eftir menningargreinum árið 2021

126 milljarðar

2,4% af heildartekjum



Fjöldi rekstraraðila og tekjur á opinberum og almennum markaði

?

Framleiðsluvirði og hlutfall af landsframleiðslu

?

Rekstraraðilar eftir aldri fyrirtækis og fjölda starfsmanna

?

Samfélag

Framboð

Hagstofa Íslands birtir talnaefni um framboð tiltekinnar menningar en skortur er á gögnum til að ná utan um heildarmynd menningarframboðs. Þá skortir gögn og greiningar um innviði fyrir menningarstarfsemi, til að mynda um menningarrými og notkun þeirra.

Fjöldi menningarrýma og viðburða

Söfn og skyld starfsemi

Söfn
135

2021

Myndlistar-
sýningar og
sýninga-
rými

Sviðslista-
sýningar og rými

Sýningar
á ári
1.195

2019 / 2020

Tónleikar
og tónleika-
staðir

Kvikmynda-
sýningar- og hús

Sýningar
á viku
1.029


2019

Önnur rými
og viðburðir

Opinber útgjöld

Árið 2022

Undir opinber útgjöld til menningarmála falla útgjöld ríkis og sveitarfélaga til fjölmíðla og menningarmála. Þar með talið rekstur stofnana, rekstur bygginga, verkefnasjóðir og listamannalaun.



Um lykiltölurnar

Undanfarin ár hafa stjórnvöld og fagvettvangur í auknum mæli kallað eftir tölum um hagræn og samfélagsleg áhrif menningar og skapandi greina. Slíkar upplýsingar varpa ljósi á þróun atvinnuvegarins og gagnast við ákvarðanatöku og stefnumótun. Hagstofa Íslands gegnir lykilhlutverki við þróun flestra mælikvarða en þörf er á frekari rannsóknum og gagnaöflun til að ná á fullnægjandi hátt utan um menningu og skapandi greinar.

Markmiðið með útgáfu þessara lykitalna er að gera tillögu að mælikvörðum og byggja grunn að mælaborði skapandi greina. Mælikvarðarnir eru litamerktir eftir því hvort talnaefnið er til eða ekki, og hvort þörf sé á umbótum. Appelsínugulur vísar þannig til þess að talnaefni sé til staðar, brúnn merkir að einhverju sé ábótavant og grár að upplýsingar vanti.

Allar tölur sem hér koma fram byggja á talnaefni Hagstofu Íslands.